

Auglýsing um friðland í Húsafellsskógi

Samkvæmt samkomulagi milli [Umhverfisstofnun] og landeigenda að Húsafelli II í Borgarfjarðarsveit hefur umhverfisráðherra ákveðið að mörkum friðlands í Húsafellsskógi verði breytt skv. 1.tölulíð 53.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Mörk friðlandsins eru þessi: Lína, sem hugsast dregin eftir hnitum 1-16 og aftur í upphafspunkt. Á milli hnita 9 og 10 fylgja mörkin hraundragi og á milli hnita 15 og 16 fylgja mörkin Kaldá, sbr. meðfylgjandi uppdrátt. Hnitin eru í viðmiðun Hjörsey55.

1.	20°48,11'V 64°41,97'N	9.	20°50,50'V 64°42,06'N
2.	20°47,48'V 64°41,92'N	10.	20°51,00'V 64°42,23'N
3.	20°47,24'V 64°42,04'N	11.	20°51,11'V 64°42,20'N
4.	20°47,36'V 64°42,09'N	12.	20°50,77'V 64°42,00'N
5.	20°47,61'V 64°42,31'N	13.	20°51,89'V 64°41,80'N
6.	20°47,83'V 64°42,48'N	14.	20°51,91'V 64°41,76'N
7.	20°48,28'V 64°42,66'N	15.	20°51,55'V 64°41,70'N
8.	20°49,33'V 64°42,29'N	16.	20°48,02'V 64°41,23'N

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi eru háð leyfi [Umhverfisstofnunar] og landeigenda.
2. Almennungi er heimil för um svæðið og dvöl þar í löglegum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Bannað er að skerða gróður, skaða dýralíf, spilla vatni eða skemma jarðmyndanir að óþörfu.
4. Akstur er leyfður á á vegum og merktum slóðum.
5. Beit búfjár er óheimil í friðlandinu. Rekstur afréttarfjár gegnum friðlandið er bannaður.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð þess.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 44/1999

Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 217/1974 um friðland í Húsafellsskógi.

Umhverfisráðuneytinu, 27. júlí 2001

F.h.r.

Magnús Jóhannesson

Hersir Gíslason